



Sjálfbær þróun Ný stefna fyrir Norðurlönd

**Endurskoðuð útgáfa með
markmiðum og verkefnum
2005-2008
Pólítískar megináherslur**

ANP 2004: 784

Sjálfbær þróun – Ný stefna fyrir Norðurlönd

Endurskoðuð útgáfa með markmiðum og verkefnum 2005-2008

ANP 2004:784

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2004

ISBN 92-893-1092-8

Prentun: Rosendahls Bogtrykkeri AS, Esbjerg 2005

Umbrot: Zakrisson, www.polytype.dk

Kápuhönnun: Kjell Olsson

Upplag: 550

Umhverfisvænn pappír sem uppfyllir kröfur tengdar norræna umhverfismerkinu, svanimum.

Printed in Denmark



Myndaskrá: kápa: Kjell Olsson; bls.. 6: Bengt Andreasson/Windh;
bls. 16: Jan Töve/N; bls. 20: Bokelberg/Ina; bls. 24: Jens Thuresson/Windh;
bls. 28: Lars Johansson/Windh; bls. 32: Megapix; bls. 36: Ace/Megapix;
bls. 40: Torbjörn Lilja/N; bls. 44: Gert Olsson/Windh; bls. 48: Jan Schützer/N;
bls. 52: Klas Rune/N; bls. 56: Tore Hagman/N; bls. 60: Ingmar Holmåsén/N;
bls. 64: Anders Norderman/Megapix; bls. 68: Michel Thomas/Megapix;
bls. 72: Þórður Þórarinnsson.

Norræna ráðherranefndin
Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0200
Bréfsími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð
Store Strandstræde 18
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0400
Bréfsími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Norræna ráðherranefndin

var stofnuð árið 1971 sem samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Ráðherranefndin leggur fram tillögur á þingum Norðurlandaráðs, vinnur úr samþykktum ráðsins, gerir Norðurlandaráði grein fyrir niðurstöðum samstarfsins og stjórnar starfinu á hinum ólíku sviðum. Umsjón með samræmingu samstarfsins hafa samstarfsráðherrar sem valdir eru af ríkisstjórnnum viðkomandi landa. Samsetning ráðherranefndarinnar er mismunandi og ræddst af því hvaða málefni er til meðhöndlunar.

Norðurlandaráð

var stofnað árið 1952 sem samstarfsvettvangur þjóðþinga og ríkisstjórna Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Þremur árum síðar bættist Finnland í hópinn. Fulltrúar Færeyja og Grænlands eru hluti landsdeildar Danmerkur, og fulltrúar Álandseyja eru hluti þeirrar finnsku. Í Norðurlandaráði eiga sæti 87 fulltrúar. Norðurlandaráð tekur frumkvæði, veitir ráðgjöf og hefur með höndum eftirlit með norrænu samstarfi. Starfsemi Norðurlandaráðs fer fram á Norðurlandaráðsþingum, í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og í fastanefndum þess.

Efnisyfirlit

1. Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd 7
2. Sjálfbær neysla og framleiðsla 17
3. Félagslega viddin 21
4. Loftslagsbreytingar og loftmengun 25
5. Líffræðileg fjölbreytni og erfðaauðlindir – náttúra og menningarminjar 29
6. Hafíð 33
7. Íðefni 37
8. Matvæli – öryggi og heilsa 41
9. Orkumál 45
10. Samgöngur 49
11. Landbúnaður 53
12. Skógrækt 57
13. Fiskveiðar, veiðar á sjávarspendýrum og fiskeldi 61
14. Samstarf við grannsvæðin 65
15. Þátttaka almennings og staðardagskrá 21 69
16. Framkvæmd og eftirfylgni 73



1. Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd

AÐDRAGANDI

Yfirlýsing forsætisráðherranna um sjálfbæra þróun

Í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna og pólitískir leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland teljast einnig til Norðurlandanna í áætluninni.

„Sjálfbær Norðurlönd“

Ósló, 9. nóvember 1998

VIÐ, FORSÆTISRÁÐHERRAR Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, lögmaður Færeyinga, formaður landsstjórnar Grænlands og oddviti landsstjórnarinnar á Álandseyjum erum sammála um að vinnan að sjálfbærri þróun sé eitt mikilvægasta verkefnið í upphafi fyrstu aldar þriðja árpúsundsins.

VIÐ ERUM SAMMÁLA um mikilvægi hins nýja Amsterdam-sáttmála og niðurstöðu af fundi Evrópuráðsins í Cardiff í júní 1998 um sjálfbæra þróun í Evrópusambandinu, starfs sem miðar að „Norðlægri vídd“ í stefnu Evrópusambandsins, Dagskrár 21 fyrir Eystrasaltssvæðið (Baltic 21), starfsins í AEPS (nú Norðurskautsráðið), Barentsyfirlýsingarinnar og samvinnu sem fylgir í kjölfar sameiginlegrar yfirlýsingar okkar í Björgvin um sjálfbæran orkubúskap við Eystrasalt.

VIÐ ERUM SAMMÁLA um að eftirfarandi markmið eigi að hafa að leiðarljósi við þróun sjálfbærra Norðurlanda og sjálfbæra þróun á grannsvæðum okkar:

1. Tryggja skal núlifandi og komandi kynslóðum öruggt og heilbriggt líf.
2. Sjálfbært samfélag verður að byggja á lýðræði, gagnsæi og þátttöku í stað- og svæðisbundnu samstarfi og samstarfi ríkja í milli.
3. Varðveita skal líffræðilega fjölbreytni og framlegð vistkerfa.
4. Losun á mengandi efnum sem berast í loft, jörð og vatn má ekki ofbjóða þolmörkum náttúrunnar.
5. Nýta verður endurnýjanlegar auðlindir og vernda þær markvisst innan ramma endurnýjunargetu þeirra.
6. Óendurnýjanlegar auðlindir á að nýta þannig að náttúruleg hringrás haldist og þróa skal og styðja endurnýjanlega valkosti.
7. Skapa verður sterka vitund í samfélaginu um ráðstafanir og ferli sem leiða til sjálfbærrar þróunar.
8. Áfram ber að vinna að því að samþætta grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar í starfi allra geira samfélagsins.
9. Vekja ber athygli á hlutverki frumbyggja í því að koma á sjálfbærri þróun.
10. Stefna skal að því að efni sem eru framandi í umhverfinu og skaðleg mönnum og náttúrunni verði ekki til staðar í framtíðinni.
11. Nauðsynleg nýsköpun á að hvetja til markvissari notkunar orku- og náttúruauðlinda.

VIÐ FELUM Norrænu ráðherranefndinni, með ofangreind markmið að leiðarljósi, að móta áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum og grannsvæðum þeirra, sem nær til margra samstarfssviða. Leggja ber áherslu á svið þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar sem þau hafa sérlega góðar forsendur til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar og norrænt samstarf skapar virðisauka. Vinnunni skal vera lokið árið 2000.

Árið 2000 samþykktu forsætisráðherrar og Norðurlandaráð áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Áætlunin gekk í gildi 2001. Áætlunin kveður á um markmið og verkefni á tímabilinu 2001-2004 og langtíma markmið allt til ársis 2020.

Endurskoðun áætlunarinnar

Í fyrstu áætluninni kemur fram að hún skuli framkvæmd og síðan endurskoðuð áður en hún verður lögð fyrir forsætisráðherra og leiðtoga sjálfstjórnarsvæðanna árið 2004.

Í umboði endurskoðunarinnar er lögð áhersla á að áætlunin eigi að efla og hafa áhrif á alþjóðlegt starf á þessu sviði, þar á meðal hjá Evrópu-sambandinu (ESB), Efnahags- og framfarstofnuninni (OECD) og Sam-einuðu þjóðunum (SP) og að félagslega og efnahagslega víddin fái aukið vægi í endurskoðaðri áætlun.

Í endurskoðaðri áætlun er bent á ný markmið og verkefni á tímabilinu 2005-2008 án þess að hróflað sé við langtíma markmiðum hennar. Í henni er einnig nýr kafli undir þverfaglegum aðgerð um, en hann fjallar um sjálfbæra framleiðslu og neyslu. Þetta er í samræmi við framkvæmdaáætlun leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun (WSSD) í Jóhannesarborg. Þá er kafli um félagslegu víddina þar sem sérstök áhersla er lögð á lýðþróun, lýðheilsu, menntun og vísindi.

Á undanförnum árum hefur margt gerst varðandi sjálfbæra þróun, bæði svæðisbundið og á alþjóðlegum vettvangi. Á leiðtogafundinum í Jóhannesarborg 2002 var umfangsmikil starfsáætlun og pólitísk ályktun samþykkt og hefur sá árangur ráðið miklu um gang mála. Á vettvangi Evrópusambandsins ber sérstaklega að nefna niðurstöður Gautaborgarfundarins í júní 2001 þar sem samþykkt var stefna í sjálfbærri þróun. Í maí 2004 fjölgaði aðildarríkjum Evrópusambandsins um tíu. Í áætluninni er tekið tillit til þessara breytinga.

Áætlunin, sem nú hefur verið endurskoðuð, hefur verið send til álits hjá um það bil 120 frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndum. Það er mikilvægt að koma til móts við þau sjónarmið sem þaðan bárust í norrænu samstarfi um sjálfbæra þróun.

Sameiginlegir hagsmunir Norðurlandanna

Það sem er líkt og ólíkt með ríkjunum

Þjóðfélagsgerð og menningararfur norrænu ríkjanna eru að mörgu leyti svipuð. Farvegur fyrir sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum er sérstaklega frjósamur. Það má þakka pólitískum stöðugleika, nánu samstarfi ríkjanna, þróuðu réttarkerfi og háu menntunarstigi þjóðfélagsþegnanna sem eiga því auðvelt með að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Ýmis sameiginleg vandamál og þróunarmöguleikar skapa forsendur fyrir nánu samstarfi. Það er metnaður fyrir hendi til að ná betri árangri en ella með því að starfa saman að sjálfbærri þróun.

Í starfi að sjálfbærri þróun koma þó einnig fram mismunandi forsendur í norrænu ríkjunum. Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og iðnaður hafa mismunandi vægi í efnahagslífi landanna. Þá standa löndin frammi fyrir mjög mismunandi verkefnum þegar samþætta á umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Samþætting sjálfbærrar þróunar

Markmið forsætisráðherranna varðandi sjálfbæra þróun byggist á skilgreiningum í Dagskrá 21, Rio-samþykktinni og skýrslu Brundtland-nefndarinnar:

„Sjálfbær þróun er ... þróun sem fullnægir þörfum núlifandi kynslóða án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að uppfylla sínar þarfir. (...) Þegar upp er staðið er sjálfbær þróun þó enginn eilífur samhljómur heldur breytingaferli þar sem nýting auðlinda, stjórnun fjárfestinga, tækniþróun og skipulagsbreytingar eru samræmdar þörfum samtímans og framtíðarinnar.“

Sjálfbær þróun felur í sér þrjár innbyrðis nátengda þætti: efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan þátt. Sjálfbær þróun krefst þess að þessar þrjár víddir séu samþættaðar betur og þá innan ramma umhverfislega þáttarins.

Vistfræðileg áhrif í sjálfbærri þróun og samþætting umhverfissjónarmiða er enn gífurleg ögrun á Norðurlöndum og í yfirlýsingu sinni um sjálfbæra þróun leggja forsætisráðherrarnir mikla áherslu á umhverfisþáttinn.

Í velferðarþjóðfélögum Norðurlanda hefur löngum verið lögð áhersla á samþættingu félagslegra sjónarmiða. Markmiðið, sem er að efla lífsgæðin, byggist á sameiginlegu gildismati og má þar nefna réttlæti, jafnrétti, lýðræði, upplýsingaflæði og virka þátttöku. Þessi þættir munu áfram sitja í fyrirrúmi.

Heilbrigði, atvinna og kynjajafnrétti skulu vera hluti af meginmarkmiðum og verkefnum á hverju starfssviði. Þetta á við um alla hópa og einnig við þróun á hentugri byggingum og allri aðstöðu. Eigi til dæmis fatlaðir að vera fullvirkir þátttakendur í þjóðfélaginu, er þörf á skipulagi og hagnýtum aðgerðum á ýmsum sviðum.

Dagskrá 21, yfirlýsing og framkvæmdaáætlun frá leiðtogafundinum í Jóhannesarborg leggja áherslu á að jafnrétti karla og kvenna sé ein forsenda þess að hægt sé að hrinda Dagskrá 21 um sjálfbæra þróun í framkvæmd. Þrátt fyrir að Norðurlöndin séu lengra komin en flest önnur ríki heims í jafnréttismálum þá er enn mismunur á aðgengi fólks að fé, völdum og áhrifum.

Eitt brýnasta og erfiðasta verkefni á okkar tímum er að stuðla að velferð í öllum ríkjum heims án þess að það bitni á loftslagi og vistkerfum jarðarinnar og heilsu fólks. Ef lögð er aukin áhersla á umhverfis-

vænan vöxt og velferð getur það stuðlað að lausn margra vandamála. Norðurlöndunum og öðrum iðnaðarríkjum ber skylda til að vera í fararbroddi á þessu sviði. Breytingar í átt að sjálfbæru umhverfi geta haft jákvæð áhrif á efnahags- og atvinnuþróun. Ef umhverfissjónarmið og sjálfbær þróun eru samþætt í stefnumótun á ýmsum sviðum verður hægt að efla vöxt, atvinnu og velferð um leið og tekið er meira tillit til umhverfismála. Þróun nýrrar tækni og þekkingar getur skapað nýja markaði fyrir vörur og þjónustu og þar af leiðandi ný atvinnutækifæri. Þetta á bæði við um Norðurlöndin og grannsvæði þeirra.

Markmið áætlunarinnar

Norræna áætlunin um sjálfbæra þróun á að fela í sér umræðupunkta fyrir stöðugar breytingar í átt að sjálfbærri þróun í norrænu ríkjunum og norrænu samstarfi.

Aðrar norrænar framkvæmda- og starfsáætlanir byggja á þessari áætlun og fylgir hún þeirri forgangsroðun sem er í norrænu samstarfi.

Forsætisráðherrarnir leggja áherslu á að samþætta regluna um sjálfbæra þróun á öllum sviðum þjóðfélagsins og að markmið yfirlýsingarinnar séu skilgreind nánar í þverfaglegri áætlun um sjálfbæra þróun.

Í áætluninni er kveðið á um aðgerðir á sjö þverfaglegum sviðum en þau eru:

Sjálfbær framleiðsla og neysla, félagslega viddin, loftslag, líffræðileg fjölbreytni, hafið, iðefni og matvælaöryggi. Þessi svið eru sérlega hentug til að undirstrika aðalatriðin í yfirlýsingu forsætisráðherranna, en þau eru líffræðileg fjölbreytni, mengun loftslags, jarðar og vatns, nýting endurnýjanlegra og óendurnýjanlegra auðlinda og að hætt verði að nota efni sem eru hættuleg umhverfinu og heilsu fólks.

Á þverfaglegu sviðunum bíða mörg verkefni lausnar sem varða umhverfið, heilsu fólks, félagslega og efnahagslega þætti, þar sem samþætting sjónarmiða sjálfbærrar þróunar í þverfaglegum verkefnum er forsenda þess að árangur náist. Því má segja að öxull áætlunarinnar sé að hafist sé handa við að samþætta umhverfissjónarmið og sjálfbæra þróun á útvöldum sviðum. Þau eru orkumál, samgöngur, landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar.

Meginreglan í norrænu samstarfi að sjálfbærri þróun, í þessari áætlun og þeirri fyrri, er að það ríki sem mestan metnað hefur verði í fararbroddi en þannig reynist norrænt samstarf lyftistöng bæði í ríkjunum og á alþjóðavettvangi.

Norrænar aðgerðir á alþjóðavettvangi

Markmiðið er að styðjast við þessa norrænu áætlun þegar Norðurlöndin taka þátt í gerð alþjóðasamninga um sjálfbæra þróun. Mörg forgangsatriði í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun var einnig kveðið á um í Jóhannesarborg. Norðurlöndin hafa gegnt mikilvægu hlutverki bæði við undirbúning leiðtogafundarins og gerð tíu ára áætlunar um sjálfbæra framleiðslu og neytendamál.

Norrænt samstarf hefur einnig sett svip sinn á alþjóðlegar aðgerðir Evrópusambandsins. Önnur málefni sem norrænt samstarf getur haft áhrif í alþjóðlegu samstarfi innan Evrópusambandsins (ESB), hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og nefndinni um sjálfbæra þróun (CSD) eru sjálfbær nýting auðlinda hafsins, umhverfisvæn framleiðsla, takmörkun hættulegra iðefna, aukin nýting umhverfistækni, endurnýjanleg orka, orkuskilvirkni og beiting hagstjórnartækja og annarra stjórnunaraðferða.

Norðurlöndin eru meðal auðugustu ríkja heims og gangast við ábyrgð sinni á sjálfbærri þróun. Markmiðið er að þjóðfélag sem gengst við ábyrgð sinni stuðli að framförum innan fyrirsjáanlegra tímamarka.

Sjálfbær þróun getur ekki einskorðast við eitt land eða landsvæði. Norðurlöndin eru mjög háð þróuninni í Evrópu og annars staðar í heiminum. Alþjóðaviðskipti skapa öflug tengsl milli ríkja. Sama á við um mengun sem berst á milli landa, loftslagsbreytingar, efnahags- og félagslega þróun. Þá hafa framleiðsluhættir og neysluvenjur Norðurlandabúa mjög neikvæð áhrif á umhverfi í öðrum ríkjum.

Framfarir í átt að sjálfbærri þróun felast einnig í því að lönd – bæði einstaka ríki og heimshlutar – axli ábyrgð og taki höndum saman um sjálfbæra þróun sem felur í sér lausnir á sameiginlegum vandamálum. Æskilegt er að breikka norrænt samstarf gagnvart grannsvæðum Norðurlanda, þar sem norrænu ríkin hafa sérlega góðar forsendur til að stuðla að sjálfbærri þróun í gjöfulu samstarfi.

Forsætisráðherrarnir hafa bent á þátt frumbyggja í sjálfbærri þróun. Í Rio-yfirlýsingunni kemur skýrt fram að frumbyggjar gegna mikilvægu hlutverki við náttúrustjórn og í þróunarmálum vegna þekkingar þeirra á nothæfum hefðbundnum aðferðum. Frumbyggjar á Norðurlöndum eru Samar og Inúítar. Norðurlöndin vilja veita málum frumbyggja brautargengi og munu áfram auka réttindi frumbyggja í samráði sem byggir á alþjóðlegum yfirlýsingum og samningum. Bæði á Norðurlöndunum sjálfum og á alþjóðavettvangi beita norrænu ríkin sér áfram fyrir því að tryggja rétt frumbyggja til þátttöku í ákvörðunum sem snerta hefðbundin landsvæði þeirra, veiðar og lífsstíl.

Samstarf um sjálfbæra þróun á að byggja á jákvæðri velferðarsýn á Norðurlöndum og utan þeirra. Norræna áætlunin er til viðbótar við stefnu ríkjanna svo og alþjóðlegar og svæðisbundnar áætlanir um sjálfbæra þróun og er því skerfur þjóðanna til að efla alþjóðlegar aðgerðir.

Ögranir

Það eru einkum þrenns konar samfélagsleg breytingaferli sem fast þarf við í iðnaðarríkjum: Hnattvæðing, þróun upplýsingaþjóðfélagsins og sjálfbær þróun. Helsta einkenni hnattvæðingarinnar eru alþjóðavæðing efnahagslífsins og að ríki verða í æ ríkari mæli háð hvert öðru.

Þróun upplýsingaþjóðfélagsins felur í sér að þjóðfélags- og stofnana-tengsl verða mun opnari og gegnsærri. Í upplýsingaþjóðfélaginu er þekking mikilvægasta hráefnið í framleiðslunni og mun hún hafa úrslitavald í vaxtaráætlunum iðnaðarríkjanna í framtíðinni. Upplýsingatæknin hefur einnig gefið möguleika á að skapa ný tengsl í atvinnulífi, í borgaralegu samfélagi og stjórnmálum.

Það er brýnt verkefni í sjálfbærri þróun að gerðir, neysluvenjur og framleiðsluhættir einstaklingsins verði í jafnvægi við hlutverk og þol náttúrunnar um leið og tekið er tillit til efnahagslegra og félagslegra þarfa þegar til lengri tíma er litið. Það er þörf á að þróa framleiðsluhætti og neysluvenjur í þá veru að rjúfa tengsl milli hagvaxtar og aukins álags á umhverfið. Þá er mikilvægt að nýta endurnýjanlegar náttúruauðlindir og gæta þess vandlega að þær geti endurnýtt sig sjálfar í þá veru að hringrásir náttúrunnar varðveitist og endurnýjanlegir valkostir verða eflir og þróaðir.

Annað mikilvægt efnahagslegt verkefni í þjóðfélaginu er fjárfesting í heilsu fólks og að áhersla sé lögð á börn og unglínga.

Hjá Sameinuðu þjóðunum eru menn langt komnir með að ákveða hvaða mál eigi að tengja sjálfbærri þróun. Í skýrslu Brundtland-nefndarinnar og á leiðtogafundunum í Rio og Jóhannesarborg var bent á að fátækt og umhverfismál væru mest aðkallandi verkefni á alþjóðavettvangi. Í áætluninni frá Jóhannesarborg er tekið skýrt fram að útrýming fátæktar sé stærsta alþjóðlega verkefnið sem mannkynið stendur frammi fyrir í dag og sé hún nauðsynleg forsenda sjálfbærrar þróunar, ekki síst í þróunar-ríkjunum.

Á Norðurlöndunum tengist fátæktarhugtakið félagslegum vandamálum og hópum sem hafa lægri tekjur en þorri manna. Á heims vísu felur hugtakið í sér að stór hluti mannkynsins á hvorki í sig né á. Árið 2000 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar þúsaldarmarkmið til að berjast gegn fátækt. Þessi markmið sýna að fátækt á sér bæði efnahagslegar

og félagslegar hliðar og varðar bæði heilbrigði manna og umhverfismál.

Barátta gegn fátækt er ofarlega á baugi á Norðurlöndum. Þróunaraðstoð er ekki hluti af samstarfi innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar og því verður ekki farið nánar út í aðgerðir norrænu ríkjanna gegn fátækt í þessari áætlun.

Eftir leiðtogafundina í Rio og Jóhannesarborg hefur skilningur vaxið á alvöru og eðli þess umhverfisvanda sem spannar mörg ríki og jafnvel allan hnöttinn. Í starfi að sjálfbærri þróun á Norðurlöndum er nauðsynlegt að tengja saman þá þætti sem valda breytingum – hnattvæðingu og þróun heimssamfélagsins – með hliðsjón af umhverfismálum, velferð og sameiginlegum norrænum gildum. Með framsýnni stefnu og aðgerðum sem byggja á einlægum vilja stjórnmalamanna og almennings til breytinga, eru forsendur Norðurlandanna til að þróast í átt að sjálfbærari þjóðfélagi fyrir árið 2020 góðar. Því fyrir sem tekist er á við vandamálin aukast horfurnar á að þetta takist.

Framkvæmd og eftirfylgni

Ríkisstjórnir Norðurlandanna bera megin ábyrgð á að fylgja markmiðum og verkefnum sem fram koma í áætluninni og gegnir hún mikilvægu hlutverki við mótun stefnu í sjálfbærri þróun. Framkvæmd áætlunarinnar krefst virkrar þátttöku aðila á öllum stigum, þar á meðal sveitarfélaga, atvinnulífs og fjálsra félagasamtaka.

Í endurskoðaðri áætlun er langtímamarkmiðum sjálfbærrar þróunar lýst til ársins 2020, ásamt markmiðum og verkefnum fram til ársins 2008. Síðari starfsáætlanir og framkvæmdaáætlanir munu byggja á þessum markmiðum og verkefnum og auk þess mun starfsemi á ýmsum sviðum Norrænu ráðherranefndarinnar sem breytist í átt að sjálfbærri þróun miðast við þau. Ýmsir vís bendar hafa verið þróaðir sem sjálfstæður hluti af eftirfylgni áætlunarinnar og voru þeir kynntir vorið 2003 (sjá 16. kafla).



2. Sjálfbær neysla og framleiðsla

Fram til ársins 2020 munu norrænu ríkin stuðla að sjálfbærri þróun með meiri áherslu en áður á að rjúfa tengsl á milli hagvaxtar og aukins álags á umhverfið. Á alþjóðavettvangi hyggjast Norðurlöndin ganga í fararbroddi þegar fylgt er eftir þeim markmiðum Jóhannesarborgarfundarins að skapa áþreifanlegar breytingar á sjálfbærum neysluvenjum og framleiðsluháttum sem nú tíðkast.

Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál og þróun í Rio de Janeiro árið 1992, og á leiðtogafundinum um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 var sjálfbær neysla og framleiðsla ofarlega á baugi. Í framkvæmdaáætluninni sem samþykkt var í Jóhannesarborg (WSSD) stendur eftirfarandi:

„Gagngerra breytinga er þörf á framleiðslu og neyslu í þjóðfélaginu til þess að koma á sjálfbærri þróun í heiminum. Öllum ríkjum ber að stuðla að sjálfbærum neysluvenjum og framleiðsluháttum þar sem iðnaðarríkin fara í broddi fylkingar.“

Mikilvægt er að auðæfasköpun eigi sér stað innan ramma sjálfbærrar þróunar. Því er efnahagsþróun sem byggir á sjálfbærum framleiðslu og neysluvenjum meginmarkmið í sjálfbærri þróun. Tengsl á milli hagvaxtar og alvarlegs álags á umhverfið ber að rjúfa.

Eftirfarandi reglur þurfa að liggja til grundvallar norrænu starfi að sjálfbærri framleiðslu og neyslu:

Sameiginleg en mismunandi ábyrgð. Ein meginregla Sameinuðu þjóðanna í sjálfbærri þróun er sú að öll ríki heims beri sameiginlega en þó mismunandi ábyrgð í aðgerðum gegn hnattrænum umhverfisvandamálum.

Samábyrgð og sameiginlegar aðgerðir. Allir verða að leggja sinn skerf af mörkum til sjálfbærra framleiðslu- og neysluvenja. Samhæfð og skilvirk þátttaka atvinnulífs, félagasamtaka, yfirvalda, bæði ríkisstjórna og sveitarfélaga, og einstaklinga krefst sameiginlegs skilnings á verkefninu, að allir axli ábyrgð og allir fái tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Vistkerfisnálgun. Standa þarf vörð um hlutverk vistkerfanna og allar aðgerðir samfélagsins verða að vera innan þolmarka náttúrunnar.

Reglan að hugsa sig um. Reglan að hugsa sig um þýðir að vísindaleg óvissa sé engin afsökun fyrir að halda að sér höndum varðandi umhverfisvandamál.

Reglan að mengunarvaldurinn borgi brúsann. Reglan að mengunarvaldurinn borgi brúsann þýðir að sá sem veldur skaða á umhverfinu greiði kostnað sem honum hlýst. Ef mengunarvaldinum er gert að greiða vissan kostnað stuðlar það að bættu umhverfi þar sem það margborgar sig að minnka losun.

Samhæfing á pólitískum sviðum. Markvisst og skilvirkt starf að sjálfbærri framleiðslu- og neysluvenjum krefst þverpólitískrar sýnar á efnisflokka, samhæfingar stefnu á mismunandi stigum ákvarðanaavaldsins, mismunandi sjónarmiða á hverju sviði og arðbærra stjórnunartækja.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- munu gefa skýr skilaboð til allra fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga um að þau standi saman að kröfu um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Mikilvægt verður að standa saman að opinberri grænni innkaupastefnu og umhverfisstjórnunarkerfi.
- hyggja á aðgerðir til að hvetja til sjálfbærari framleiðslu og neyslu. Þar er afar mikilvægt að koma á samstarfi yfirvalda, atvinnulífs, sveitarfélaga og félagasamtaka.
- vilja auka beitingu hagstjórnartækja og halda áfram samstarfi um að beita þeim í umhverfismálum, þar á meðal kanna möguleika á að auka samhæfingu slíkra stjórnartækja í norrænu samstarfi. Norðurlöndin munu íhuga frekari niðurskurð og breytingar á ríkisstyrkjum sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið.
- vilja að yfirvöld á Norðurlöndum notfæri sér eignaraðild sína í fyrirtækjum til að umhverfis- og siðferðissjónarmið verði skýrari í starfsemi þeirra og fjármögnun og þau axli samfélagslega ábyrgð sína.

- munu stuðla að því að rannsóknir og nýsköpun sem styrkt eru af opinberu fé styðji enn frekar þróun, notkun og dreifingu á umhverfistækni.
- hyggjast efla samþættingu umhverfissjónarsviða á ýmsum samstarfssviðum. Norræna ráðherranefndin mun leita áfram leiða til að hvert samstarfssvið axli sína ábyrgð og leggi sitt af mörkum til að koma á sjálfbærri þróun.
- hyggjast gefa skýr skilaboð til fyrirtækja sem eru rekin af ríki og sveitarfélögum um að þau styðji kröfuna um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Mikilvæg verkefni samstarfsins verða opinber græn innkaup og umhverfisstjórnun.



3. Félagslega víddin

Langtímamarkmið norrænu ríkjanna á félagsviði er þróun norræna velferðarlíkansins. Til þess að hægt verði að fjármagna opinbera velferð í framtíðinni er nauðsynlegt að atvinnumarkaðurinn sé vel rekinn, að framboð á vinnuafli aukist og að skattakerfi hvetji fólk til að vinna.

Sjálfbært atvinnulíf felst í því að Norðurlöndin grípi áfram til aðgerða til að auka jafnrétti á vinnumarkaði og auðvelda bæði körlum og konum að sameina atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Þar er mikilvægt að styðja þá sem mega sín lítils og auka aðgang fatlaðra að vinnumarkaðnum.

Í ljósi lýðfræðilegrar þróunar á Norðurlöndunum er brýnt að ríkin styðji fjárhagslega og félagslega sjálfbæra lífeyrissjóði og aðra velferðarþjónustu í hágæðaflokki.

Félagsleg vídd í sjálfbærri þróun felst einnig í því að Norðurlöndin einsetji sér að því að þróa samfélagslegar forsendur fyrir góðu heilbrigði allra, auka fræðslu um sjálfbæra þróun og efla upplifun og þátttöku í menningarlífi í nánu samstarfi við aðila menningarlífsins.

Velferðarstefna á Norðurlöndum hefur löngum byggst á efnahagsstefnu sem miðar við atvinnuþátttöku allra og dreifingu á auðlindum og tekjum. Einkenni norræna velferðarlíkansins er skilvirkur vinnu- markaður með mikilli þátttöku karla og kvenna, tiltölulega jöfnum tekjum, miklu starfsöryggi, góðri menntun, fáum fátæklingum, tekju- tengdum félagslegum hlunnindum og velferðarþjónustu fyrir alla borg- ara sem hið opinbera fjármagnar.

Velferðarstefnu norrænu ríkjanna bíða mörg verkefni. Meðalaldur Norðurlandabúa hækkar stöðugt. Ungu fólki fækkar í hlutfalli við eldri borgara. Á öllum Norðurlöndunum fækkar fólki á vinnumarkaði í hlutfalli við þá sem yfirgefa hann og fara á eftirlaun.

Í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi er mikill kynslóðamunur en hann hefur mikið atvinnuleysi meðal ungs fólks í för með sér. Ungu fólkið verður æ stálpaðra þegar það kemur undir sig fótum á vinnu- markaði og er ástæðan m.a. lengri menntun og fjölgun tímabundinna ráðninga. Þetta leiðir af sér að stofnun fjölskyldu og barneignum seinkar.

Sein innkoma fólks á vinnumarkaðinn, langvarandi atvinnuleysi og eftirlaun hægja á hagvextinum og draga úr líkum á að skattgreiðslur borgaranna nái að fjármagna velferðina.

Lýðfræðileg þróun á Norðurlöndum á eftir að leggja mikinn þrýsting á opinber útgjöld. Um það bil fjórðungur opinbers fjármagns er aldurstengdur; þ.e. fjármögnun dagheimila, skóla, lífeyris og félags- legrar þjónustu við aldraða. Þess er vænst að hlutur útgjalda til lífeyris af vergum þjóðartekjum eigi eftir að aukast á öllum Norðurlöndunum á næstu fjörutíu árum, þó mismunandi hratt.

Á fleiri Norðurlöndum einkennist vinnumarkaðurinn æ meir af uppskiptingu sem felur í sér fjölgun jaðarhópa og félagslega neyð. Á Norðurlöndunum – að Íslandi og Noregi undanskildum – hefur vægi félagslegra bóta við framfærslu fólks aukist til muna og á það einkum við einstæða foreldra en staða þeirra hefur versnað miðað við eldri barnlaus hjón. Þá er tilhneiging til að hlutfall fólks frá löndum utan Evrópu í láglaunastörfum sé mun hærra á Norðurlöndum en fjöldi þeirra gefur tilefni til.

Misnotkun fíkniefna, neysla tóbaks og áfengis, röng fæða, lítil líkamleg hreyfing o.s.frv. eru oft fylgifiskar fátæktar og einmanaleika og hafa þeir afdrifaríkar afleiðingar bæði fyrir einstaklingana og þjóðfélagið í heild. Mikilvægt er að takast á við heilsubrest, bæði sökum lífvernis og aðstæðna, þegar unnið er að félagslegum og fjárhagslegum stöðugleika í öllu velferðarkerfinu.

Í því sambandi er menntun mikilvæg, bæði einstaklingum og þjóðfélaginu í heild. Menntun eykur lífgæði einstaklinga og bætir vinnukjör þeirra. Hún bætir forsendur þjóðfélagsins fyrir hagvexti og

sameiginleg grundvallargildi sem efla góða félagslega samstöðu. Til þess að hægt sé að stefna í sjálfbæra átt er mikilvægt að Norðurlandabúar geti aðlagast breytingum og nýtt sér nýsköpun. Áhersla á menntun og vísindi er því mikilvæg forsenda fyrir því að þetta geti heppnast. Menntunarstig Norðurlandþjóðanna er hátt á alþjóðavísu.

Fræðsla um sjálfbæra þróun krefst þess að kennarar, nemendur og námsmenn í skólum og öðrum menntastofnunum taki höndum saman, séu virkir þátttakendur og nýti sköpunargáfu sína til að ná markmiði um að samþætta sjónarmið sjálfbærrar þróunar í kennslu.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- vilja auka áhrif Norðurlandanna í ESB/EES-samstarfi í kjölfar ráðherrafundarins í Lissabon
- vilja tryggja að niðurstöður norræna velferðarrannsóknaverkefnisins verði kynntar, að þær verði ræddar og nýttar á Norðurlöndunum og víðar
- vilja framkvæma áætlun um eftt samstarf um hönnun fyrir alla á Norðurlöndum
- vilja fylgja eftir, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, yfirlýsingu frá ráðherrafundi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), „Umhverfi barna og heilbrigðisáætlun fyrir Evrópu“ (*Children's Environment and Health Action Plan for Europe*) sem samþykkt var í Búdapest (í júní 2004)
- vilja þróa starf í tengslum við „Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Wellbeing“ Evrópusambandsins
- vilja efla fræðslu um sjálfbæra þróun með því að samþætta sjónarmið hennar í norrænu menntakerfunum í sambandi við símennt.



4. Loftslagsbreytingar og loftmengun

Langtímamarkmið loftslagssamningsins er að draga úr magni gróðurhúslofttegunda í andrúmsloftinu svo að loftslagið bíði ekki tjón af manna völdum.

Langtímamarkmið starfs um loftmengun sem berst langar leiðir er að minnka losun á brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíðum, rokgjörnum lífrænum efnasamböndum og ammoníaki það mikið að áhrifum á náttúruna verði haldið innan þolmarka (sársaukaþröskulds náttúrunnar) svo heilsa manna og umhverfið hljóti ekki skaða af.

Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) hefur bent á að meðalhitastig á jörðunni allri hafi hækkað um $0,6^{\circ}\text{C}$ síðan árið 1860 og að á næstu hundruð árum er búist við frekari hækun sem nemur $1,4\text{--}5,8^{\circ}\text{C}$. Niðurstöður þriðju aðalskýrslu milliríkjanefndarinnar eru þær að nú liggi fyrir „ný og sterkari sönnunargögn fyrir því að meirihluti hnattrænnar hlýnunar andrúmsloftsins sem vart hefur orðið á undanförunum fimm tíu árum sé af manna völdum“. Í Kyotobókuninni skuldbinda iðnaðarríkin sig til að draga úr losun á gróðurhúsalofttegund-unum sex á tímabilinu 2008-2012 um 5% miðað við losun á árinu 1990.

Alþjóðaorkumálastofnunin (IEA) væntir þess að losun koltvísýrings á heimsvísu muni aukast um 70% á tímabilinu 2000-2030 ef ekki verður gripið til aðgerða. Umhverfismálastofnun Evrópusambandsins (EEA) hefur bent á að ef halda á magni gróðurhúsalofttegunda á sjálfbæru stigi sé nauðsynlegt að minnka losun á heimsvísu um 50-70% miðað við ástandið í dag, en þar er kveðið mun fastar að en í Kyoto-bókuninni. EEA gerir ráð fyrir að með núverandi aðgerðum takist ESB-ríkjunum fyrir árið 2010 að minnka losun gróðurhúsalofttegunda niður

á sama stig og hún var á tíunda áratug síðustu aldar. Því sé frekari aðgerða þörf, eigi að takast að ná markmiði ESB innan Kyoto-bókunarinnar (8% minnkun losunar miðað við magn á tíunda áratugnum á tímabilinu 2008-2012), þar á meðal framkvæmd tilskipunar ESB um kvótaverslun.

Eigi langtímamarkmið milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar að nást er þörf á að draga mun hraðar úr losun en tíðkast hefur fram að þessu. Það er augljóst að Kyoto-bókunin er aðeins fyrsta varfærna skrefið og að nauðsynlegt er að herða reglur og aðgerðir varðandi losun eftir 2012. Norðurlandþjóðarinnar njóta trausts á alþjóðavettvangi og geta því gegnt mikilvægu hlutverki sem brúarsmiðir til þróunarlandanna í þessum efnunum.

Loftslagsbreytingar í kjölfar hlýnunar auka loftmengunarvandann og því er ástæða til að herða aðgerðir til að draga úr losun mengunarfna í andrúmsloftið. Ekki er hægt að leysa heilbrigðisvandann í einstaka ríkjum og því þurfa Norðurlandþjóðirnar að grípa til sameiginlegra aðgerða innan ramma samþykktar um loftmengun sem berst langar leiðir á milli landa (CLRTAP), með endurskoðun á Gautaborgarbókuninni og tilskipun ESB varðandi mengunarmörk andrúmslofts í hverju ríki.

Markmið og verkefni 2005-2008

Norðurlöndin

- munu vinna að því að ákvæðum Kyoto-bókunarinnar verði fylgt eftir hið snarasta, enda er það fyrsta pólitíska skrefið til að minnka magn gróðurhúsalofttegunda
- telja að mikilvægasta langtímaverkefnið í loftslagsmálum sé að hefja viðræður um metnaðarfullri hnattræna loftslagsstjórnun eftir 2012. Þau munu beita sér fyrir breiðum umræðum sem flestra ríkja til að taka þátt í alþjóðlegu starfi um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012. Mikil þörf er á að vinna traust þróunarríkjanna og gefa kost á margs konar aðgerðum sem leiða til minnkunar á hnattrænni losun án þess að efnahags- og félagslegri þróun í löndunum sé ógnað. Þá er afar mikilvægt að fá BNA aftur til leiks.
- telja að búið sé að taka ákvörðun um að gera Eystrasaltið að tilraunasvæði (Testing Ground Agreement (TGA) samkvæmt sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar. Norðurlöndin munu í áframhaldandi starfi i) stuðla að því að vel takist með framkvæmd TGA í samstarfi við önnur ríki, ii) styðja skilvirka

umhverfisþróun og fjárnotkun Testing Ground Facility (TGF),
iii) hvetja aðra og tilvonandi aðila að Kyoto-bókuninni og
einkarekin fyrirtæki til að taka virkan þátt í Testing Ground-
samstarfinu, iv) örva þróun og framkvæmd Joint Implemen-
tation-verkefna sem eru arðsöm og umhverfisvæn.

- munu halda áfram að stuðla að aukinni hæfni og færni á Eystrasaltssvæðinu með sérstakri áherslu á Rússland
- verða í fararbroddi þegar dregið verður úr notkun gróðurhúsa-lofttegunda í iðnaði (HCF, PFC och SF6) og vinna að því á alþjóðavettvangi að draga úr notkun þessara lofttegunda
- vinna að því að tryggja að ötullega verði unnið að eftirfylgni umhverfisákvæða í Kyoto-bókuninni um að draga úr áhrifum losunar á gróðurhúsalofttegundum
- munu hefja greiningu og mat á frekari samstarfsmöguleikum Norðurlandanna um loftslagsrannsóknir
- vilja, í norrænu loftslagssamstarfi, kanna nánar afleiðingar loftslagsbreytinga í þessum hluta heima, m.a. í ljósi Arctic Climate Impact Assessment-starfsins (ACIA). Margt bendir til þess að loftslagsáhrif komi fyrst í ljós á norðurskautssvæðinu og því hafa þær miklar afleiðingar á umhverfið á þessu svæði. Loftslagsbreytingar á heimskautasvæðunum geta leitt til breytinga á íslagi og hafstraumum sem síðan hafa áhrif á loftslagsbreytingar í heiminum öllum
- munu beita stjórnunartækjum og aðgerðum til að tryggja að ríkin nái losunarmarkmiðum sem kveðið er á um í Gautaborgar-bókuninni og tilskipun ESB varðandi mengunarmörk andrúms-lofts í hverju ríki. Við endurskoðun samningsins munu Norðurlandþjóðirnar benda á að enn verði súrnun yfir hæfilegum mörkum á stórum landsvæðum eftir 2010 og hvetja því til að aflað verði nýrrar þekkingar á áhrifum ósons við yfirborð jarðar á heilsu fólks. Til þess að efla grundvallarþekkingu munu norrænu ríkin taka höndum saman um að kanna áhrif mengunar af völdum agna á heilsu Norðurlandabúa og standa saman að norrænum aðgerðum í ESB-samstarfi á þessu sviði.



5. Líffræðileg fjölbreytni og erfðaauðlindir – náttúra og menningarminjar

Norðurlöndin leitast við að standa vörð um og tryggja sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni og vernda náttúrusvæði og menningarminjar sem skapaðar eru af mönnum.

Norðurlöndin munu einnig tryggja sjálfbæra nýtingu og aðgang að erfðaauðlindum og stuðla að réttlátri og jafnri skiptingu við nýtingu erfðaauðlinda og tryggja varðveitingu menningarminja.

Líffræðileg fjölbreytni er grundvöllur lífs manna. Þetta hugtak er notað um fjölbreytni tegunda, litningafræðilega samsetningu einnar eða fleiri tegunda og fjölbreytni vistkerfa þeirra. Norðurlöndin geta státað af mikilli líffræðilegri fjölbreytni, erfðaauðlindum, náttúru- og menningarminjum. Líffræðileg fjölbreytni á þó í vök að verjast hnatt-rænt og hverfa tegundir æ hraðar um leið og dregur úr afkastagetu vistkerfanna. Loftslagsbreytingar af manna völdum verða áfram ein helsta ógnun við líffræðilega fjölbreytni jarðarinnar.

Varúðarreglan á að vera grundvallarregla í öllu starfi sem miðar að verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Á Norðurlöndum felur reglan í sér að ef hættu er á alvarlegu eða óbætanlegu tjóni eigi skortur á fullnægjandi vísindalegum upplýsingum ekki að koma í veg fyrir að gripið sé til arðsamra aðgerða. Stjórnun náttúrusvæða á að byggja á varúðarreglunni og er hennar nú þegar getið í mörgum alþjóðasamningum. Öll starfssvið axla eigin ábyrgð á að taka tillit til líffræðilegrar fjölbreytni, náttúru- og menningarminja.

Norðurlöndin hafa verið í fararbroddi varðandi líffræðilega fjölbreytni, til dæmis hafa erfðaauðlindir í skógrækt og landbúnaði notið forgangs í meira en 20 ár (Norræni genabankinn (NGB), Norræni genabankinn fyrir búfé og fræ (NGH) og Plönturáð skógræktar á Norðurlöndunum (NSFP)). Í Norræna erfðaauðlindaráðinu leggja menn á ráðin varðandi erfðaauðlindir.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- verða áfram leiðandi í alþjóðlegu starfi og samningaviðræðum í sambandi við framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni
- vinna að markmiði WSSD-2010 og að evrópskum aðgerðum varðandi líffræðilega fjölbreytni verði fylgt fyllilega eftir
- kynna á árinu 2005 stefnu ríkjanna og framkvæmdaáætlanir um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, erfðapætti og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar og aukið samráð varðandi fengna reynslu og samþættingu umhverfissjónarmiða í stefnu á sviði landbúnaðar, skógræktar, fiskveiða og samgöngumála
- vilja stuðla að skilvirkri framkvæmd Cartagena-bókunarinnar um erfðabreyttar lífverur á milli landa, tryggja að vörur séu merktar á viðunandi hátt, einnig alþjóðlega, og að neytendur séu upplýstir um þegar erfðatækni er beitt við matvælaframleiðslu
- munu vinna saman að málum varðandi framandi tegundir, einnig á Evrópuvettvangi til þess að efla starfið og meta áhættur áður en framandi tegundum er hleypt inn, eins og kveðið er á um í norrænum tilmælum
- vinna áfram saman að því að þróa aðferðir og skiptast á upplýsingum um starf sem lýtur að líffræðilegri fjölbreytni á Norðurlöndum
- halda áfram að finna nýjar aðferðir til að meta hvaða áhrif breytt nýting getur haft á líffræðilega fjölbreytni og menningarminjar
- munu bæta tilliti til landslags inn í starfsáætlanir samstarfssviða þar sem það á við og benda á nauðsynlegar forsendur fyrir því að samþætting starfssviða geti nýst í landslagsmálum
- munu leggja sérstaka áherslu á náttúru og líffræðilega fjölbreytni á norðurskautinu og virða álit Norðurskautsráðsins á ástandi loftslagsins á þessu svæði

- munu þróa norrænar áætlanir um verndun náttúru- og menningarminja á norðurskautinu svo þær fjalli einnig um norrænar umhverfisaðgerðir á norðurskauti, sérstaklega varðandi loftslag, þrávirk lífræn efnasambönd (POP) og kvikasilfur
- munu stuðla að umhverfsvænum landbúnaði og skógrækt á Norðurlöndum til þess að standa vörð um og efla líffræðilega fjölbreytni og tryggja að markbær og nægilega stór hluti norrænna tegunda og búsvæða sé verndaður
- munu þróa frekar samstarf við aðrar norrænar starfsáætlanir og í ríkjunum um verndun og sjálfbæra nýtingu á erfðaauðlindum
- munu stuðla að því að vistkerfisnálgun verði ramminn um norræna hafstjórnun, aukna þekkingu á líffræðilegri fjölbreytni hafsins, hlutverki vistkerfanna og áhrifa ýmissa aðgerða, bæði hverra fyrir sig og saman. Hafið verður kortlagt og eins verða bæði rannsóknir og vöktun mikilvægar
- munu efla almannarétt íbúanna og upplýsa um þessi réttindi
- munu efla samstarf yfirvalda náttúru- og menningarminja og skoða nánar tengsl þeirra á milli og hvað vinnist með auknu tengslum þeirra á milli.



6. Hafið

Standa ber vörð um líffræðilega fjölbreytni norrænna vistkerfa í hafi, uppbyggingu þeirra, hlutverk og framleiðni og tryggja sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins. Mengun í hafi verður að ljúka. Takmarka þarf losun náttúrulegra efna í hafið svo þau raski ekki efnasamböndum og næringarlegu jafnvægi hafsins og hætta verður algjörlega losun iðefna og hættulegra efna í hafið. Til að komast hjá ofauðgun þarf að minnka losun næringarefna um 50%. Losun hættulegra efna þarf að stigminnka svo magn þeirra í lífríki hafsins verði innan við þolmörk í hlutfalli við náttúruleg efni og að magn gerviefna af manna völdum verði næstum engin fyrir árið 2020.

Hafið tengir Norðurlöndin. Margir íbúar á strandsvæðum og eyjum lifa af hafinu og auk þess er hafið og strandsvæðin mikilvæg útivistarsvæði fyrir Norðurlandabúa. Mengun ógnar umhverfi og framleiðni hafsins. Lífvistum og vistkerfum hafsins stafar einnig ógn af gerðum manna. Hafið er lífsnauðsynlegur hlekkur í hnattrænu vistkerfi og loftslagskerfi og sé lífríki hafsins truflað getur það haft afdrifaríkar afleiðingar. Þekkingu okkar og skilningi á lífríki hafsins er að mörgu leyti ábótavant og þarf að bæta úr því bæði til þess að við verðum meðvitaðri um mikilvægi hafanna fyrir hnattrænt vistkerfi og líka til þess að við getum verndað og nýtt auðæfi hafsins á sjálfbæran hátt.

Á undanförunum árum hafa orðið ýmsar framfarir í baráttunni við mengun hafs og aðrar hættur sem blasa við vistkerfum hafsins. Stokkhólmssamningurinn um mengun af völdum þrávirkra lífrænna efnasambanda, hnattræna áætlunin um verndun lífríkis hafsins gegn starfsemi á landi og ýmsar svæðisbundnar aðgerðir eru dæmi um nýjar og betri aðgerðir til að stemma stigu við ógnunum í höfum. Áætlunin frá Jóhannesarborg felur í sér ýmsar reglur á næsta áratug og verða

Norðurlandapjódirnir að vera í fararbroddi til að ná þeim markmiðum.

Markmið og verkefni 2005-2008

Norðurlöndin

- munu aðstoða við að bæta upplýsingar um umhverfisástand hafanna á alþjóðlegum vettvangi. Norðurlöndin munu á þessu tímabili styðja starf Sameinuðu þjóðanna varðandi alþjóðlegar skýrslugerðir og mat á umhverfi hafsins. Fjallað verður um hugmyndir frá Norðurlöndunum að ástandsskýrslum um vistkerfi hafsins á hafsvæðum þeirra, þar á meðal kóralrif á köldum hafsvæðum
- munu semja áætlanir í ríkjunum um verndun umhverfis í hafi eða aðrar áætlanir, í síðasta lagi 2005, ef það hefur ekki verið gert nú þegar. Leitast skal við að byggja þær á vistkerfisnálgun í stjórnun hafsins
- verða í fararbroddi á alþjóðavettvangi til að vekja málstaðs á og þróa skilvirkar alþjóðlegar leiðir til að takast á við mengun af völdum kvikasilfurs og efla Stokkhólmssamninginn og önnur stjórnunartæki varðandi mengun af völdum þungmálma og þrávirkra lífræna efnasambanda
- ítreka áform sín um að stofna tengslanet um vernduð hafsvæði. Norðurlöndin munu kanna vísindalegar forsendur fyrir stofnun verndaðra hafsvæða og hlutverk þeirra í varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og framleiðni í hafi. Fyrsta samsetning slíkra svæða verður ákveðin á tímabilinu 2005-2008
- munu fjölga svæðisbundnum aðgerðum til að vernda hafsvæði
- munu styðja þróun framkvæmdaáætlunar fyrir norðurskauts-svæðin sem ákveðið hefur verið að semja, og samræður sem hófust á ráðstefnunum um Norður-Atlantshafið og Norðursjó
- Norðurlöndin styðja þróun sameiginlegrar evróprar stefnu í málefnum hafsins
- munu vinna ötullega að því að hrinda ákvörðun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) frá 2004 í framkvæmd þar sem Eystrasaltið er skilgreint sem sérlega viðkvæmt hafsvæði (PSSA), að rússneskri lögsögu undanskilinni. Norðurlöndin munu styðja og útskýra á tilhlýðilegan hátt að Eystrasalt sé vöktunarsvæði samkvæmt fylgiskjali VI við MARPOL 73/78 hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.



7. Íðefni

Langtímamarkmið varðandi notkun íðefna mega ekki fela í sér áhættu fyrir heilsu fólks og umhverfið heldur að hætta beri losun íðefna sem ógna heilsu og umhverfi áður en mannsaldur er liðinn, að ábyrgð framleiðenda aukist og að beitt verði meginreglu um skipti og varúðarreglunni í stefnu um íðefni. Framleiðsluvörur á markaði eftir 10-15 ár eiga því að vera að mestu leyti lausar við lífræn efni af manna völdum sem erfitt er að brjóta niður og sem auðgast í lífverum. Framleiðsluvörur eiga að vera lausar við efni sem valda krabbameini, breyta erfðaeftum einstaklinga og hafa áhrif á æxlun og trufla hormónastarfsemi. Þá eiga þær að vera lausar við þungmálma eins og kadmíum, kvikasilfur og blý. Þá ber að krefjast þekkingar og fræðslu um öll íðefni sem notuð eru í ferlum og framleiðslu á vörum.

Aukið umfang og fjöldi efna í íðefnanotkun hefur neikvæð áhrif á heilsu fólks og umhverfið og eru því eitt meginverkefnið í sjálfbærri þróun í heiminum. Íðefnamengun frá punktuþptökum virðist hafa minnkað en dreifing þeirra í framleiðsluvörum og dreifðum upp-tökum aukist.

Af þeim u.þ.b. 50.000 íðefnum sem eru á evrópskum markaði er aðeins vitað um áhrif örfárra þeirra á heilsu fólks og umhverfið. Kröfur um prófun og viðurkenningu á nýjum efnum liggja fyrir en ekki hvað varðar eldri efni. Þekkingu á íðefnum í framleiðsluvörum er mjög ábótavant. Alþjóðlegar reglur og viðmiðanir þurfa að byggja á varúðarreglunni til þess að hægt verði að minnka dreifingu og áhættu vegna hættulegra efna í framleiðsluvörum. Á Norðurlöndum er safnað upplýsingum um íðefni í afurðaskráum landanna og eru þær afar mikilvægar þegar fjallað er um íðefni.

Norðurlöndin eru komin nokkuð vel áleiðis í iðfnastarfi sínu og er metnaðurinn stór í þeim efnum. Þegar svokölluð kynslóðamarkmið voru kynnt á Norðursjávarráðstefnunni í Esbjerg 1995 kom fram að meginmarkmið þeirra var að hætta losun hættulegra efna í höfum innan eins mannsaldurs. Til að ná því markmiði er þörf á raunhæfum og samhæfðum alþjóðlegum aðgerðum. Mikilvægt er að efla reglur í ESB/EES-samstarfi og herða reglur gagnvart fyrirtækjum. Norrænt samstarf er forsenda þess að að góður árangur náist í alþjóðasamstarfi og ber að veita því forgang.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- beita sér fyrir því að minnka notkun kvikasilfurs til muna, bæði með því að hafa áhrif á ESB-reglur á þessu sviði og vera fyrst til að grípa til aðgerða í löndunum sjálfum og varðandi alþjóðasamning Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) um kvikasilfur
- munu beita sér fyrir því að beina aukinni athygli að áhrifum losunar á lyfjaafgöngum á umhverfið og heilsu fólks, að þau verði kortlögð nánar og að reglur verði samdar bæði í ríkjunum, innan ESB og á alþjóðlegavettvangi
- munu beita sér fyrir því að í nýrri löggjöf ESB um iðefni (REACH) verði krafist þekkingar og upplýsinga um öll iðefni sem notuð eru í framleiðsluferlinu á vörum
- hyggjast vinna að því að ný iðefnalöggjöf ESB (REACH) verði skýrari í þá veru að atvinnulífið/iðnaðurinn axli þá ábyrgð að rannsaka og meta hættu af völdum iðefna og tryggja að notkun þeirra hafi ekki skaðvænleg áhrif á heilsu fólks og umhverfið
- munu stuðla að því að gerðar verði sams konar kröfur um prófun og mat á hættu af völdum iðefna, hvort sem þau eru nú þegar fyrir hendi eða ný af nálinni og hvort sem þau er að finna í leikföngum, snyrtivörum, varnarefnum eða notuð í iðnaði
- hyggjast þróa iðfnastarf í umhverfissamstarfi sem snýr að framleiðsluvörum þannig að umfjöllun á iðefnum verði samþætt í framleiðslu og neyslu og að tekið sé mið af lífsferilshugtakinu
- munu halda áfram að minnka notkun varnarefna á opinberum svæðum og í gördum í einkaeign
- hyggjast stuðla að því að kynna kynslóðamarkmiðið í alþjóðlegu starfi OSPAR og HELCOM og halda áfram forystunni um að semja viðmiðanir fyrir forgangsröðun iðefna í OSPAR-starfinu.



8. Matvæli – öryggi og heilsa

Neytendum á að gefast kostur á öruggum matvælum og upplýsingum svo þeir geti sett saman holla fæðu. Til þess þarf grundvallarþekkingu og upplýsingar, þar á meðal nægilegar og auðskiljanlegar merkingar á matvælum.

Innihald matvæla af menguðum örverum á fyrst og fremst að minnka með því að takmarka mengun við upptök ferlisins, annað hvort hjá mengunarvaldinum eða í frumframreiðslu og í vinnsluferlinu.

Framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á því að matvæli séu í góðu ástandi og að rétt meðferð þeirra komi í veg fyrir að þau spilli heilsu fólks. Opinber yfirvöld sinna eftirliti og tryggja víðsýni og gagnsæi (reglugerðir og eftirlit) þegar tekist er á við áhættuþætti og áhættumat.

Norðurlöndin hafa tekið pólitíska ákvörðun um öryggi matvæla og samþykkt framkvæmdaáætlun til að tryggja áhrif neytenda á matvælamál. Það liggur ljóst fyrir að Norðurlandaþjóðirnar óska eftir meira öryggi en nú er. Stefna á Norðurlöndum er að fylgja reglu um forvarnir sem tryggir að magn íðefna og skaðlega lífvera í matvælum sé í algjöru lágmarki. Fæða og næring, fræðsla og þekking eru mikilvægir þættir þegar fjallað er um heilsu neytenda.

Þekking á matvælaöryggi eykst stöðugt. Ný og bætt matvælatækni og nýjar vinnsluaðferðir geta leyst gömul vandamál en jafnvel skapað ný um leið.

Einfaldar og skýrar reglur, sem matvælafyrirtæki, framleiðendur, neytendur og eftirlitsaðilar geta skilið, eru mikilvægar fyrir matvælaöryggið auk ráðlegginga um samsetningu og matreiðslu fæðunnar.

Neytendur eiga rétt á öruggum matvælum, upplýsingum og kost á því að setja saman holla fæðu. Tryggja ber fjárlst val neytenda sem byggist á þekkingu. Hlutverkaskiptingin varðandi matvælaöryggi er skýr. Framleiðendur og innflytjendur bera ábyrgð á að matvælin séu örugg þegar þau berast neytandanum. Þar er mikilvægt að koma í veg fyrir að landbúnaður og fiskveiðar verði fyrir neikvæðum utanaðkomandi áhrifum, til dæmis mengun á jörð, lofti og hafi, og að mengunin sé fjarlægð við upptökin.

Mat á öryggi matvæla byggir meira á áhættumati á alþjóðlegum vettvangi – sérstaklega í sérfræðingahópum á vegum Evrópusambandsins (ESB), Landbúnaðar- og matvælastofnunar S.Þ. (FAO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Í alþjóðaviðskiptum er mikilvægt að sömu staðlar gildi fyrir matvælaöryggi í öllum heiminum.

Markmið og verkefni 2005-2008

Norðurlöndin

- munu auka aðgerðir varðandi heilsu og líðan húsdýra. Aukin þekking og vöktun á öllum aðilum í fiskveiðum, landbúnaði og matvælaframleiðslu eflir forvarnir í frumframleiðslunni gegn sjúkdómum, smiti úr dýrum eða öðrum vandamálum varðandi heilsu dýra og matvælaöryggi
- munu efla örugga meðferð matvæla og framleiðslu í fyrirtækjum og hjá neytendum
- munu vinna að aukinni fræðslu starfsfólks, bæði við frumframleiðslu, í matvælaíðnaði og í dreifingu til þess að tryggja þekkingu á hugsanlegum áhættuþáttum. Neytendur eiga að fá markvissar upplýsingar um örugga meðferð, geymslu og vinnslu á matvælum
- vill stuðla að því að magni íðefna í matvælum verði haldið í algjöru lágmarki. Notkun bæti- og bragðefna, framleiðsluefna og varnarefna, dýralyfja og hreingerninga- og sóttthreinsunarefna verði takmörkuð eins mikið og tæknin leyfir. Áhættumati á efnnum sem notuð eru í umbúðir eða bragðefni er mjög ábótavant og verður því veittur forgangur að bæta úr því. Neytendur eiga að fá ráð og leiðbeiningar til þess að þeir geti haldið inntöku á vafasömum efnnum, t.d. díoxín og kvikasilfri í fiski, í lágmarki.
- vilja auka þekkingu á eitruðum efnnum og takmarka hættu á tjóni á heilsu

- vilja draga úr hættu á ofnæmisvaldandi áhrifum fæðu með forvörnum, t.d. fræðslu til fyrirtækja og neytenda um vafasöm efni í matvælum. Auk þess ber að merkja matvæli skilmerkilega og fyrirtæki skulu efla innra eftirlit
- munu stuðla að fræðslu um samband milli fæðu, næringar og heilsu fólks. Almenningsur verði hvattur til að temja sér holla matar- og hreyfingarvenjur með aukinni þekkingu, þar á meðal á mikilvægi þess að draga úr neyslu sykurs og fitu en auka hlut ávaxta og grænmetis. Grundvallarfræðsla á að vera hluti af kennslu í skólum og þar má bæta við auðskiljanlegum upplýsingum frá yfirvöldum
- vilja stuðla að því að auðveldara verði að rekja áhættuvalda og auka upplýsingar um þá. Fjöldi matvæla sem fullnægja ekki gildandi reglum á að vera í algjöru lágmarki
- munu stuðla að innra eftirliti fyrirtækja, m.a. með því að ákvarða hvað slíkt eftirlit felst í, og tryggja aðgengi að nauðsynlegum greiningaraðferðum
- munu efla þekkingu sem byggist á niðurstöðum rannsókna á matvælaöryggi og þróa betri leiðir til áhættuvöktunar, samræma norrænar rannsóknir og framkvæma í sameiningu norrænt áhættumatskerfi sem síðan mun hafa áhrif á forgangsroðun í alþjóðasamstarfi
- munu efla samráð við neytendur og tryggja betri upplýsingar um áhættuþætti og stuðla að réttum upplýsingum, t.d. í skólabókum, öðrum námsgögnum, matreiðslubókum, matreiðsluþáttum og -greinum í fjölmiðlum
- vill efla fræðslu í ríkjunum og milli ríkjanna um hefðbundinn mat.



9. Orkumál

Langtímamarkmið í norrænu samstarfi um orkumál er að efla skilvirka, samkeppnishæfa, örugga og sjálfbæra orkuveitu. Orkulindir ber að nýta á skilvirkan hátt til þess að efla atvinnutækifæri og efnahag um leið og tekið er tillit til umhverfisins. Orkukerfið á að stuðla að því að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum og aðra loftmengun í öllum heiminum og auka nýtingu endurnýjanlegrar orku.

Áframhaldandi starf felist í aukinni samþættingu orku-markaða á Norðurlöndum, auk grannsvæðanna og ESB, þar sem sjálfbær orkuframleiðsla er mikilvægur þáttur í samkeppnishæfninni.

Öll Norðurlöndin hafa það markmið að takmarka þátt orkugeirans í umhverfisvandamálum og munu grípa til fleiri stjórnunartækja til að ná því, t.d. skatta, gjalda, beinnar stýringar og stuðningsaðgerða. Þar sem umhverfisvandi einskorðast ekki við landamæri er nauðsynlegt að Norðurlöndin taki höndum saman, einnig utan Norðurlandanna.

Árum saman hefur verið gott samstarf norrænna yfirvalda um orkumál. Norrænt samstarf um rafmagnsmál og rafmagnsviðskipti er mikilvægt þar sem tenging rafmagnsflutningskerfanna gefur kost á betri árangri í umhverfismálum á Norðurlöndum.

Alþjóðasamningar og aukið samstarf við ríki utan Norðurlandanna, sérstaklega ESB-ríkin og Eystrasaltsríkin, hafa æ meiri áhrif á stefnu Norðurlandaþjóðanna í orkumálum og orkukerfi þeirra.

Þróun orkumála á Norðurlöndunum á tíunda áratugnum var jákvæð þar sem orkuneysla hefur aukist mun hægar en hagvöxturinn. Enn eru þó margt óleyst, til dæmis þarf að draga úr vaxandi losun í orkugeiranum til þess að þróunin geti orðið sjálfbær.

Orkugeirinn er meginvaldur að losun á gróðurhúsalofttegundum og er útlitið á Norðurlöndum ekki sérstaklega bjart varðandi minnkun

koltvísýrings (CO_2). Norrænu ríkin hafa m.a. komið á einum hæstu koltvísýringsgjöldum í heimi til þess að takmarka losun og sveigjanleika.

Stórum fjárhæðum er varið í að efla nýjar, endurnýjanlegar orkulindir.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- munu auka nýtingu og samræmingu á hagnýtum stjórnunartækjum til þess að þróa sjálfbæran orkuiðnað og minnka álag orkuneyslu á Norðurlöndum á umhverfið. Með skilvirkum og umhverfisvænum markaðsaðstæðum verður að mestu leyti hægt að fela aðilum orkumarkaðarins að koma á sjálfbærari háttum í orkuiðnaðinum
- munu starfa saman að orkuviðskiptum, uppbyggingu aðstöðu og að þarfagreiningu á aðgerðum til að tryggja orkuveitu á Norðurlöndum til langframa
- halda áfram svæðisbundnu samstarfi og hagnýtri, skilvirkri og umhverfisvænni uppbyggingu á aðstöðu á Norðurlöndum og við Eystrasalt. Það krefst annars vegar svæðisbundins samstarfs yfirvalda og hins vegar yfirvalda og orkuframleiðenda. Norðurlöndin styðja þá þróun sem á sér stað innan ramma BASREC (Baltic Sea Region Energy Co-Operation)
- munu minnka losun gróðurhúsalofttegunda svo um nemur fram til 2010 og verður Eystrasaltssvæðið þar í fararbroddi. Þetta samstarf er nú orðið formlegt með sameiginlegum rammamningi (Testing Ground Agreement innan ramma sveigjanleikaákvæða Kyoto-bókunarinnar) og Testing Ground Facility-sjóðurinn hefur verið stofnaður til að fjármagna sameiginleg verkefni í Eystrasalti
- munu starfa saman að þróun stefnu, stjórnunartækja og tækni til að auka skilvirkni orkunnar, þróun á vetnisgasi sem orkubera og aukinni notkun á endurnýjanlegum orkulindum á svæðinu
- munu leggja áherslu á rammakjör til þess að koma á höndlun koltvísýrings í iðjuverum sem byggir á jarðefniseldsneyti og annarri punktlosun
- munu halda áfram norrænu samstarfi um rannsóknir í orkumálum sem fer fram á vegum Norrænna orkurannsókna. Markmið norrænna orkurannsókna er að skapa forsendur sem byggjast á þekkingu á arðsamri minnkun orkuneyslu til langs tíma lítið og þróun á nýjum endurnýjanlegum orkulindum og umhverfisvænni orkutækni

- vilja breikka samstarfið til að efla hnattræna nýtingu endurnýjanlegrar og skilvirkari orku í öllum heiminum, efla samstöðu ríkja sem eru á sama máli og sem hittust á leiðtogafundinum í Jóhannesarborg og framkvæma niðurstöður Bonn-ráðstefnunnar.



10. Samgöngur

Langtímamarkmiðið er að skapa sjálfbær samgöngukerfi. Slík samgöngukerfi taka tillit til grundvallarþarfa einstaklinga, fyrirtækja og samfélagsins fyrir samskipti og þróun sem auka jafnrétti innan og milli kynslóðanna, og er öruggt manneskjum og vistkerfum.

Þá á það að vera svara kostnaði, vera skilvirkt og sanngjarnt, gefa kost á mismunandi samgönguleiðum og styðja samkeppnishæfan fjárhag og jafnvægi í byggðapróun.

Þá ber að takmarka losun og úrgang svo jörðinni verði ekki misboðið, nýta endurnýjanlegar orkuauðlindir eða það lítið magn að auðlindirnar hafi við að endurnýja sig. Á meðan verið er að þróa endurnýjanlegar aðferðir notast kerfið við óendurnýjanlegar aðferðir, takmarka verður að lönd séu lögð undir vegakerfi og draga úr hávaða af völdum umferðar.

Meginhluti Norðurlandanna er strjálbýll þar sem langt er til mikilvægra verslunarstaða. Norðurlandabúar eru því mjög háðir því að samgöngukerfið sé sjálfbært til langframa. Stórt framtíðarverkefni felst því í að samræma efnahagslegar, félagslegar og umhverfiskröfur til samgöngukerfisins.

Allir þjóðfélagshópar gegna mikilvægu hlutverki þegar þróa þarf samgöngukerfið í sjálfbæra átt. Því þarf að styðja stöðugt við starf þeirra með framsýnni stefnu. Allar pólitískar ákvarðanir þarf að orða þannig að þær taki tillit til fjárhagslegra, félagslegra og umhverfislegra afleiðinga.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- munu vinna áfram að því að auðvelda ferðir fólks sem á ekki bifreiðar, fatlaðra og barna. Þar er mikilvægt að skoða málin frá sjónarhóli jafnréttis til þess að samgöngukerfið sé þannig úr garði gert að það fullnægi bæði samgönguþörfum karla og kvenna. Þá eiga börn að geta ferðast öruggt á eigin vegum. Auka þarf gæði almennra samgangna og miða þær meira við þarfir viðskiptavinnanna. Þá þarf að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur og hjólréiðafólk. Styðja þarf og þróa starfsáætlun um stjórnun umferðarmála
- viðurkenna að langtíma sjálfbærir vöruflutningar krefjast aukinnar skilvirkni farartækja og betra samspils mismunandi tegunda þeirra. Járnbrautir þarf að endurnýja og gera samkeppnishæfari
- telja að öll aðstaða þurfi að miðast við langtíma þarfir sjálfbærs samgöngukerfis. Fjárfestingar í nýrri aðstöðu ber alltaf að skoða í ljósi annarra aðgerða
- telja nauðsynlegt að halda áfram þróun í átt að öruggari, umhverfisvænni og orkuskilvirkari farartækjum. Norðurlöndin taka áfram virkan þátt í alþjóðlegu starfi, fyrst og fremst innan ESB til þess að herða kröfur og staðla. Þá geta Norðurlöndin hraðað þróuninni með því að skapa markað fyrir nýjar tæknilausnir, t.d. með efnahagslegri hvatningu, opinberum samningum og fræðsluátaki.
- leitast áfram við að ná alþjóðlegum samningum um hertar öryggis- og umhverfiskröfur í siglingum. Þar sem alþjóðasamningar liggja ekki fyrir þurfa Norðurlöndin að hraða þróuninni á sínu svæði. Þróa þarf frekar hugtakið Hraðbrautir Eystrasaltsins
- telja að sjálfbært samgöngukerfi krefjist réttlátrar og skilvirkrar verðlagningar sem tekur mið af öðrum kostnaði en sem umferðin gefur tilefni til/veldur. Langtímamarkmiðið er að skattar og gjöld sem tengjast samgöngum eigi að vega jafnt á móti kostnaði/ útgjöldum sem þjóðfélagið þarf að bera vegna þeirra. Til skamms tíma litið getur verið ráð að gera greinarmun á núverandi sköttum og gjöldum til þess að koma á sjálfbærara samgöngukerfi á hagnýtan hátt
- munu líta nánar á forsendur og afleiðingar þess að taka samgöngugeirann (öll farartæki) með í alþjóðlega verslun með CO₂ frá árinu 2008

- munu standa vörð um norræna hagsmuni hjá alþjóðastofnunum (sérstaklega Evrópusambandinu (ESB), Sambandi samgönguráðherra í Evrópu (ECMT), Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Evrópuráði SP (ECE), Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO), Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO)) um sjálfbær samgöngukerfi og samþættingu umhverfis- og heilbrigðissjónarmiða í samgöngumálum
- vilja efla rannsóknir og þróun á langtíma sjálfbæru samgöngukerfi. Þar sem það á við þarf að samhæfa rannsóknir rammaáætlunar ESB um rannsóknir



11. Landbúnaður

Markmiðið er sjálfbær landbúnaðar sem áfram mun framleiða holl og örugg matvæli og aðrar hágæðavörur án þess að það bitni á auðlindunum eða hafi neikvæð áhrif á vistkerfi náttúrunnar.

Landbúnaðurinn skuli leggja sitt af mörkum til að skapa og standa vörð um lífvænlegar og þróaðar byggðir til sveita, einnig við sérstakar aðstæður.

Landbúnaður á að vera rammi utan um útivist þar sem staðið er vörð um líffræðilega fjölbreytni, landslag og menningarminjar. Norðurlöndin vilja vera í fararbroddi í landbúnaðarframleiðslu þar sem lögð er áhersla á holl og örugg matvæli, velferð dýranna og verndun umhverfis og náttúru.

Landbúnaðurinn hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfið. Hann mótar og viðheldur menningarlandslagi sem er verðmætur hluti af náttúru- og menningarminjum. Vistkerfi landbúnaðarins eru mikilvæg búsvæði fyrir margar dýra- og plöntutegundir.

Eitt stærsta verkefnið sem felst í markmiðinu um sjálfbæran landbúnað er að þróa umhverfisvænni og skilvirkari rekstrarhætti sem samtímis eru félagslega og efnahagslega sjálfbærir við þær náttúru- og loftslagsaðstæður sem við búum við á Norðurlöndum.

Á syðri svæðum Norðurlanda eru einar bestu aðstæður fyrir landbúnað í Evrópu. Framleiðni í landbúnaði er þaulnýtin og notuð eru m.a. næringarefni og varnarefni sem berast áfram í veitur og grunnvötn og þaðan í ár, stöðuvötn og hafið. Líffræðileg fjölbreytni verður líka fyrir áhrifum. Á nyrstu svæðum Norðurlanda er erfitt að stunda arðsaman landbúnað. Norðurlöndin munu beita sér fyrir því að varðveita einnig landbúnað á þessum slóðum.

Til að takast á við þessa þróun er mikilvægt að aðlaga virka samþætta landbúnaðarstefnu í strjálbýli að skipulagsbreytingum í landbúnaði og framleiðslu á vörum og þjónustu fyrir markaðinn sem nýtir allar auðlindir á þessum slóðum. Það er mikilvægt að varðveita dreifðan landbúnað á Norðurlöndum með mismunandi tegundum og stærðum býla.

Reglur og kjör landbúnaðarframleiðslu á Norðurlöndum ráðast æ meir af alþjóðlegum viðræðum og samningum – bæði innan Evrópu-sambandsins og hnattrænt, t.d. í Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). Norðurlöndin verða því að hafa áhrif á alþjóðlegar viðræður, reglur og samninga.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- munu auka hlut sinn í alþjóðlegum samningaviðræðum um reglur og samninga til þess að sameiginleg sýn Norðurlandabúa á sjálfbæra landbúnaðarframleiðslu komi fram í alþjóðasamningum og reglum
- munu efla samstarf um rannsóknir og þróun sjálfbærra framleiðsluhátta í landbúnaði. Samstarf um rannsóknir og æðri menntun í landbúnaði sem varða umhverfismál þarf að þróa til að ná meiri samvirkni og árangri og bæta aðstæður fyrir umhverfissvæna verðmætaaukningu í landbúnaði
- munu vinna áfram að frekari þróun sjálfbærra framleiðslukerfa í landbúnaði. Í henni felst að draga úr umhverfis- og heilbrigðis-hættu við notkun varnarefna, minnkunarmarkmið Norður-sjávaryfirlýsingarinnar, HELCOM, OSPAR, rammatilskipun ESB um vatn og öruggari nýting lífræns úrgangs á landbúnaðarsvæðum
- munu leggja meiri áherslu á nýsköpun til að efla verðmæta-sköpun. Breytingar á markaði, þekking, tækni og landbúnaðarstefnan valda stöðugum breytingum í landbúnaði. Stærstu verkefni á nyrstu svæðum Norðurlanda eru loftslagsaðstæður sem torvelda matvælaframleiðslu
- munu í sameiningu efla vistvænan landbúnað og halda áfram norrænum aðgerðum til að auka hann með markvissu starfi í öllum hlekkjum verðmætakeðjunnar frá frumframleiðslu til vinnslu og neyslu

- munu greiða veg fyrir fjölbreytni landslags í landbúnaði á Norðurlöndum þar sem staðið er vörð um náttúru- og menningarminjar og varðveisningu þeirra til frambúðar sem auðlinda í samfélaginu. Tengja þarf betur starf með menningarminjar á Norðurlöndum við framkvæmd evrópska Landslagssamningsins
- munu beina sjónum að fjölvirku hlutverki landbúnaðarins, þar á meðal framleiðslu sameiginlegra verðmæta
- munu tryggja heilbrigði dýra – líðan þeirra og siðferði, til að tryggja stöðu Norðurlandanna á þessu sviði á alþjóðavettvangi
- munu gegna mikilvægu hlutverki í alþjóðlegri þróun á aðferðum sem byggjast á varúðarreglunni til að meta heilbrigðis- og umhverfisáhættu sem stafar af erfðabreyttum lífverum
- munu þróa faglegar forsendur fyrir norrænni stefnumótun í hreindýrarækt og aðgerðir sem gera hana sjálfbærari. Það er mikilvægt að byggja það verk á samstarfi sem Samar á Norðurlöndum hafa þróað með sér.



12. Skógrækt

Markmiðið er sjálfbær skógrækt, þar sem nýtingu og stjórnun skóga og skógarsvæða er þannig háttað að skógar, bæði nú og í framtíðinni, geta gegnt vistvænu, efnahagslegu og þjóðfélagslegu hlutverki. Skógrækt á að vera samkeppnishæf til að geta tryggt tekjur og störf og framleitt hágæða timburvörur.

Í skógrækt á einnig að tryggja og standa vörð um hollar og lífvænlegar auðlindir skógarins, líffræðilega fjölbreytni og önnur umhverfisverðmæti. Skóginn á líka að nota til útivista og tómstunda.

Á Norðurlöndum eru víðfeðm skógarsvæði og skógrækt er mikilvæg atvinnugrein á Norðurlöndum, þó mismunandi eftir löndum. Skógar eru mikilvægir fyrir útivist, tómstundir og vellíðan fólks. Í skógrækt er einnig tekið tillit til umhverfisins. Skógrækt leggur áherslu á líffræðilega fjölbreytni og stuðlar að því að vernda grunnvötnin, koma í veg fyrir landeyðingu og bindur koltvísýring. Umhverfissjónarmið verða æ mikilvægari sem samkeppnisþáttur í skógrækt. Ögrunin felst í að þróa umhverfis- og náttúruvæna rekstrarhætti, sem eru skilvirkir, hagkvæmir og félagslega sjálfbærir.

Á undanförunum árum hafa forsendur skógræktar á Norðurlöndum ákvarðast í auknum mæli af alþjóðlegum viðræðum og samningum. Innan vébanda Sameinuðu þjóðanna er nú fastur vettvangur háttsettra stjórnáamanna og embættismanna sem fjalla um skóga, en framhald þessa ræðst árið 2005 í tengslum við framkvæmd ákvarðana frá leiðtogafundinum í Rio en einnig er fjallað um skógrækt í samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Til að fylgja eftir alþjóðlegum ákvörðunum um sjálfbæra þróun í skógrækt í Evrópu hefur verið komið á evrópsku starfi um stefnu í skógrækt sem kallað er „Ráðherraráðstefnurnar um vernd skóga í Evrópu“. Evrópusambandið hefur samþykkt sameiginlega stefnu í skógræktarmálum.

Á Norðurlöndum er virk stefna í skógrækt. Stefna og reglugerðir varðandi skógrækt hafa verið endurskoðaðar á undanförunum árum. Lögð er áhersla á sjálfbæra nýtingu og margvíslegt hlutverk skóganna í þjóðfélaginu. Norðurlöndin leggja áherslu á að ræða ákvarðanir á opinberum vettvangi. Á stórum skógarsvæðum er stunduð umhverfismerkt skógrækt og eftirspurn á umhverfismerknum timburvörum hefur aukist.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- munu efla þátttöku sína í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi um skóga til að auka hlut norrænnar sýnar á sjálfbæra skógrækt í alþjóðasamningum
- telja að skipulegt norrænt samstarf eigi að fylgja sameiginlegri norrænni áætlun sem byggist á markmiðum og starfsreglum ríkjanna og á alþjóðavettvangi fyrir sjálfbæra skógrækt
- telja að halda eigi áfram norrænum rannsóknum á skógum sem verði samræmdar og markvissar. Norðurlönd leggja áfram áherslu á sjálfbæra skógrækt
- munu þróa enn frekar náttúru- og umhverfisvæna starfshætti í skógrækt. Norðurlöndin munu samhæfa aðgerðir. Markmiðin eiga að vera í samræmi við markmið evrópska skógarsamstarfsins
- munu leggja sitt af mörkum til að vernda dæmigert úrval af norrænum skógartegundum. Mikilvægt er að leggja áherslu á umhverfisvænar framleiðsluvörur í skógrækt, m.a. að krefjast skráningar á lagalegum og sjálfbærum uppruna timburafurðanna. Timbur á að koma í stað annarra efna og nýjar timburafurðir á að þróa. Þá þarf að þróa frekar kynbætur á trjátegundum. Þær leiðir sem verða valdar eru rannsóknir og upplýsingakerfi
- munu efla félagslegt hlutverk skóganna í þjóðfélaginu. Aukið aðgengi að skógum er mikilvæga forsenda virkrar útivistar. Um leið skal tekið tillit til menningarsögunnar og skógarins sem búsvæðis fyrir plöntur og dýralíf. Þetta verði gert í samvinnu við útivistarsamtök, skógareigendasamtök og náttúruverndarsamtök. Hægt verður að halda námskeið, kenna, gera tilrauna- verkefni og auka rannsóknir
- munu halda áfram að samræma norrænar aðgerðir, með aðal- áherslu á að safna þekkingu sem fyrir liggur, að skapa nýja þekkingu með rannsóknum og þróunarvinnu, og hvetja til vöruþróunar á grundvelli samstarfs um líforku sem nú fer fram.



13. Fiskveiðar, veiðar á sjávarspendýrum og fiskeldi

Meginmarkmið næstu tuttugu ára er að þróa norræna stefnu í fiskveiðum eftir meginreglunni: Lifandi auðlindir hafsins ber að nýta á sjálfbæran hátt til langframa út frá vistkerfisstjórnun sem byggir á meginreglum samnings sem fjallar um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu hennar.

Lifandi auðlindir hafsins eru auðæfi sem allar Norðurlandapjóðirnar bera ábyrgð á. Samfélög við sjávarsíðuna hafa myndast í kringum fiskveiðar og sjávarspendýr alls staðar á Norðurlöndum – frá Norður-Atlantshafi í vestri, norðurskautssvæðunum til Eystrasalts í austri. Lifandi auðlindir hafsins eru lífsgrundvöllur margra þjóða og byggðarlaga á Norðurlöndum.

Nýting lifandi auðlinda hafsins, sama hvort það eru fiskveiðar, veiðar á spendýrum hafsins, sjófuglum eða fiskeldi, þarf að grundvallast á heildarsýn, sem byggir á þekkingu og rannsóknum, varúðarreglunni og tilliti til vistkerfa hafsins, þar á meðal félagslegar og efnahagslegar forsendur þessara atvinnugreina.

Markmið og verkefni 2005–2008

Norðurlöndin

- eiga að vera í fararbroddi, ekki síst innan ESB og á öðrum alþjóðavettvangi, til þess að stuðla að og benda á jákvæðar afleiðingar þess að aðlaga afköstin að afkomu auðlindanna. Í því sambandi er þörf á að efla samstarf á svæðinu í samræmi við markmið Jóhannesborgar-fundarins og tryggja betri samræmingu til að

koma megi á samþættri vistkerfisstjórnun á auðlindum hafsins. Þetta krefst ekki síst samræmingar í ríkjunum sjálfum

- hafa að markmiði á sviði menntunar og rannsókna að tryggja hámarksnýtingu allra auðæfa sem eru veidd, þar á meðal meðafla og úrgangi sem nú er kastað í hafið. Að þróaðar verði aukaafurðir úr leifum og fisktegundum sem ekki hafa sölugildi og nýjar leiðir til að auka verðmæti afurðanna
- hyggjast auka menntun og rannsóknir á efnahagslegum og félagslegum þáttum og sambandi milli stjórnunarkerfa og sjálfbærni við nýtingu lifandi auðlinda hafsins
- styðja rannsóknir sem skapa grundvöll fyrir vísindalegri og jafnvægri ráðgjöf um fæðu fyrir neytendur – bæði innihald efna sem eru holl fólki og eiturefna sem safnast saman úr næringarkeðjunni í fæðu úr hafinu og geta verið heilsuspillandi
- telja að töluverð þörf sé á að samstarfssviðið leiti samstarfs við mennta- og rannsóknasvið um að samræma norræna menntun á öllum stigum hæfni, sem nýst getur fyrir sjálfbæra þróun og samkeppnishæfni á því sviði
- telja að samráð og virkt samstarf yfirvalda og atvinnulífs sé nauðsynlegt til þess að hægt verði að grípa til skilvirkra aðgerða, þar sem tillit er tekið til sjálfbærrar þróunar sem byggist á lifandi auðlindum hafsins. Þetta samstarf þarf að efla og bæta
- hvetja norræn fiskveiðisamtök til að taka þátt í gerð áætlana og forgangsröðunar í samstarfi við opinber yfirvöld og vísindamenn
- vilja kortleggja og minnka orkuneyslu fiskiflotans og meðferð úrgangs í nánu samstarfi við atvinnulífið
- styðja áframhaldandi þróun á veiðitækni sem dregur úr neikvæðum áhrifum á náttúru og umhverfi, þar á meðal takmörkun veiðarfæra sem rífa upp hafsbótinn og raska fjölbreyttu lífríki hans. Auk þess ber að líta á vinnuumhverfi atvinnusjómannanna
- munu stuðla að því að öðlast víðtæka alþjóðlega viðurkenningu á sjálfbærri stjórnun á spendýrum hafsins. Það er brýnt að Alþjóðahvalveiðiráðið (IWC) verði aftur vettvangur verndunar, rannsókna og stjórnunar
- munu efla rannsóknir á tækni sem eykur verðmætasköpun og dregur úr álagi á umhverfið en tryggir að fiskeldi sé samkeppnishæft og að starfsmenn þar búi við hollt vinnuumhverfi
- auka hæfni allra aðila í fiskeldi varðandi vellíðan og heilbrigði fiska og dýra í fiskeldi, ekki síst samspil við umhverfið og aðgerðir gegn slysasleppingum á eldisfiski.



14. Samstarf við grannsvæðin

Meginmarkmið aðgerða Norðurlandanna á grannsvæðunum er að stuðla að langtíma efnahagsþróun sem byggir á tilliti til náttúru og umhverfis og hefðbundinni vistvænni þekkingu. Þau vilja stuðla að því að minnka félagslegan og heilsufarslegan mun og styðja samþættingu sjálfbærrar þróunar á öllum sviðum.

Norðurlöndin munu taka þátt í að vernda og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni, að koma umhverfinu á réttan kjöl, minnka mengun og tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindanna. Norðurlöndin munu styðja opna og lýðræðislega umræðu, virka þátttöku almennings og leggja sitt af mörkum til að skapa svipaða löggjöf og skilvirka staðbundna stjórnun. Norðurlöndin munu standa að menntun um sjálfbæra þróun, styðja þróun umhverfisvænnar tækni, vistræna skilvirkni og þekkingu á umhverfistækni.

Norðurlöndin munu efla sjálfbæra þróun í norðurskautssamstarfinu og minnka mengun á ísbreiðum, hafi, vatni og lofti á grannsvæðum og minnka loftmengun sem berst á milli landa á norðurskautssvæðunum og taka frumkvæði að áætlun um sjálfbært umhverfi í hafinu og þolanlega nýtingu á auðlindum hafsins í Norður-Atlantshafi.

Norðurlöndin munu fylgjast með og minnka áhrif af loftslags- og ósonlagsbreytingum í norðri og stuðla að auknu kjarnorkuöryggi og auka öryggi í meðferð á kjarnorkuúrgangi.

Norræna ráðherranefndin mun halda áfram að þróa samstarf við fyrst og fremst Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og norður-

skautssvæðin. Samstarfið tekur mið af sérkennum svæðanna og pólitískri forgangsroðun hverju sinni. Vegna stækkunar ESB verða dregin mörk á milli samstarfs við nýju ESB-aðildarríkin og samstarfs við Norðvestur-Rússland.

Samstarf við baltnesku löndin mun einkennast af jafnræði. Staðið verður vörð um góð samskipti Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja og þau þróuð enn frekar. Markmið samstarfs við Eistland, Lettland og Litháen er aukið norrænt-baltneskt samstarf, bæði pólitískt á milli ríkisstjórna (NB8) og í sambandi við samstarfsverkefni og tengslanet.

Áframhaldandi samstarf við Norðvestur-Rússland á að stuðla að því að þróa og efla sjálfbæra þróun í tengslum við efnahagslegar, félagslegar og umhverfisáætlaðar á svæðinu.

Norrænt umhverfismálasamstarf veitir styrkjum til lausnar umhverfisvanda á grannsvæðum og norðurskautssvæðum mikinn forgang. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) hefur verið stofnað sérstaklega til að styrkja umhverfisverkefni. Auk þess hefur Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) beint hluta starfsemi sinnar á grannsvæðunum að umhverfismálum í formi umhverfislána.

Þá hefur annað samstarf tekið á sig mynd. Norræna ráðherra-nefndin tekur þátt í samvinnuáætlun ESB, „Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being“ og hefur auk þess lagt áherslu á mikilvægi sjónarmiða jafnréttis og barna. Sjálfbæra víddin hefur fengið veglegan sess í þessu samstarfi.

Þróun á sjálfbærri framleiðslu og neyslu á grannsvæðunum er mikilvægt verkefni fyrir Norðurlöndin. Hún byggist á pólitísku samráði og þátttöku grannsvæðanna í starfsáætlunum og verkefnum þar sem það þjónar tilgangi.

Á grannsvæðunum eru stórir hagvaxtarmöguleikar og það ber að fjarlægja verslunar- og fjárfestingarhindranir. Norrænar aðgerðir eiga að vera markvissar og vera til viðbótar við annað samstarf á svæðinu, þar á meðal það sem fer fram í Norðurskautsráði, Eystrasaltssamstarfi, Barentsráði, Norrænu vídd ESB, HELCOM og Baltic 21, þar sem norrænu ríkin taka þátt.


Grannsvæði Norðurlanda í Norður-Atlantshafi eru á margan hátt mikilvæg fyrir norræn markmið fyrir sjálfbæra þróun – ekki síst varðandi umhverfi og auðlindir hafsins.

Markmið og verkefni 2005–2008

- *Á norðurskautssvæðunum munu* Norðurlöndin þróa samstarf og verkaskiptingu staðbundinnar starfsemi og stofnana. Norðurlöndin munu styðja aðgerðir varðandi frumbyggja, velferðar-

starf sem felur í sér jafnréttismál, sjálfbæra nýtingu á náttúru-
auðlindum og þróun á mennta- og vísindasamstarfi á heim-
skautssvæðum. Norðurlönd munu leggja sinn skerf af mörkum
til að þróa vísbenda og skýrslur um sjálfbæra þróun og styðja
starf vinnuhóps Norðurskautsráðsins um sjálfbæra þróun

- Á *Barentssvæðinu* munu Norðurlöndin styðja netverk í sambandi við Dagskrá 21, málefni frumbyggja og virka þátttöku í starfshópi um heilbrigðis- og félagsmál. Norðurlönd munu styðja framkvæmd verkefna sem mælt er með í „NEFCO/AMAP Hot Spot List“ og áætlun fyrir „Barents Region Cleaner Production Strategy“ og eins aðgerðir til að auka kjarnorkuöryggið
- Í *Norðvestur-Rússlandi* munu Norðurlöndin styðja framkvæmd áætlana ESB fyrir Norræna vídd, þróun fjármögnunarsjóða fyrir lítil og meðalstór verkefni, efla þróun og uppbyggingu skilvirkar stjórnunar, samstarf yfirvalda og semja samstarfsáætlun
- Í *Eystrasalti* munu Norðurlöndin styðja framkvæmd ákvörðunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um að skilgreina Eystrasalt sem sérlega viðkvæmt hafsvæði, stuðla að betri vatnsgæðum á svæðinu og greina og finna lausnir á stjórnsýslulegum, tæknilegum og öðrum hindrunum sem koma í veg fyrir skilvirkt samstarf ríkjanna. Norðurlöndin munu styðja þróun skilvirkar stjórnunar á sjálfbærri þróun, staðbundið, svæðisbundið og á landsvísu. Norðurlönd munu styðja innflutning tækni og þekkingar, meðal annars norrænnar reynslu af framkvæmd á ESB-löggjöf og baltneskrar reynslu til Rússlands
- Norðurlönd munu styðja framkvæmd áætlana og tilskipana á Eystrasaltssvæðinu í stofnunum sem taka virkan þátt í starfi að sjálfbærri þróun, t.d. HELCOM.



15. Þátttaka almennings og staðardagskrá 21

Norðurlöndin vilja hvetja almenning til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu með því að gera upplýsingar aðgengilegar og auðvelda þátttöku almennra borgara í að semja og framkvæma stefnu í sjálfbærri þróun. Til þess að samþætta staðbundin undirbúningsferli í sjálfbærri þróun er enn mikilvægt að auka stuðning við staðardagskrá 21 í sveitarfélögum og að verkin verði látin tala.

Til að efla umhverfismedvitund almennings og traust í garð stjórnámálanna og yfirvalda er mikilvægt að tryggja aðgang að upplýsingum um umhverfismál, þátttöku almennings við undirbúning ákvarðana sem varða umhverfismál og réttinn til að kæra ákvarðanir yfirvalda. Þessar meginreglur fengu brautargengi á fjórðu ráðstefnu evrópsku umhverfisráðherranna í Árósum 1998.

Á Norðurlöndum er staðbundin stjórnun mjög áberandi, bæði pólitískt og efnahagslega. Dreifræðisreglan einkennir ákvarðanaferlið, stjórnunin er opin og almenningur tekur þátt í undirbúningi og stærri staðbundnum aðgerðum.

Mjög breið þátttaka er í starfi tengdu staðardagskrá 21 á Norðurlöndum, og starfsemin nýtur mikils stuðnings almennings. Staðardagskrá 21 hefur gegnt mikilvægu hlutverki til þess að safna saman stjórnámálamönnum, yfirvöldum á staðnum, atvinnulífi, félagasamtökum og íbúum um sjálfbæra þróun. Skipulag staðardagskrár 21 hefur skapad forsendlur fyrir beinum aðgerðum en það felst í að nýta nauðsynlega þekkingu og færni og samstarfi við mismunandi aðila um sjálfbæra þróun.

Þróun staðardagskrár 21 í æ fleiri sveitarfélögum kallar á að mynduð séu svæðisbundin tengslanet þar sem skipst er á reynslu og upplýsingum, bæði innan og á milli Norðurlandanna og grannsvæðanna.

Leiðtogafundurinn í Jóhannesborg árið 2002 um sjálfbæra þróun staðfesti þátttöku ríkisstjórnanna í sjálfbærri þróun og skilvirkri framkvæmd Dagskrár 21. Á leiðtogafundinum kynntu sveitarfélögin hugtakið Staðardagskrá 21 sem næsta skref á eftir Dagskrá 21.

Staðardagskrá 21 gerir ráð fyrir að

- láta verkin tala með því að taka fyrir þætti sem koma í veg fyrir sjálfbæra þróun, til dæmis fátækt, óréttlæti, átök, heiluspillandi umhverfi og óöryggi;
- spyrna á móti fækkun útivistarsvæða og umhverfismengun í heiminum; og
- kynna og taka í notkun leiðir í staðbundinni stjórnun sem tryggja hraða framkvæmd, skilvirka vöktun og stöðugar umbætur.

Markmið og verkefni 2005-2008

Norðurlöndin

- vænta þess að ljúka framkvæmd Árósasamningsins árið 2005. Norðurlöndin munu styðja hraða framkvæmd hans á grannsvæðunum. Það krefst þess að þau styðji að meginreglur Árósasamningsins verði aðlagðar á öðrum sviðum sem hafa þýðingu fyrir sjálfbæra þróun
- hvetja sveitarfélögin til að þróa tengslanet og skiptast á reynslu og góðum starfsvenjum í sambandi við sjálfbæra þróun
- munu styðja áframhaldandi þróun á starfsemi tengdri staðardagskrá 21 í öllum sveitarfélögum og að gripið verði til raunhæfra aðgerða til að vinna sjálfbærri þróun brautargengi
- munu stuðla að betra samstarfi fyrirtækja og opinberra yfirvalda
- munu styrkja samstarf yfirvalda og félagasamtaka
- munu halda áfram að styrkja og víkka staðardagskrá 21 á grannsvæðunum og leggja þannig áherslu á félagslega þróun og eflingu félagasamtaka; og
- munu beita sér fyrir því að hægt verði að nýta, aðlaga og þróa vísbenda um staðbundna sjálfbæra þróun sem auðvelda sveitar-yfirvöldum að bera starf sitt saman, upplýsa almenning um þróunina og vekja umræðu um sjálfbæra þróun
- munu beita sér fyrir því að staðið verði vörð um menningarminjar, sem eru uppspretta þekkingar um lifnaðarhætti og auðlindanýtingu genginna kynslóða.

- og Norræna ráðherranefndin mun stuðla að því að auka þátttöku almennings í starfsemi sinni, í samræmi við ákvæði Árósa-samningsins um aðgengi, söfnun og dreifingu á upplýsingum um umhverfismál og þátttöku almennings í áætlunum, verkefnum og stefnumótum varðandi umhverfismál.



16. Framkvæmd og eftirfylgni

Norræn áætlun um sjálfbæra þróun setur langtímamarkmið um þróun á Norðurlöndum fram til ársins 2020 og lýsir markmiðum og verkefnum á tímabilinu 2005-2008. Meginreglan er samþætting umhverfissjónarmiða og sjálfbærrar þróunar í stefnu samstarfssviðanna og á öðrum sviðum. Það kallar á töluverðar breytingar bæði í norrænu samstarfi og ríkjunum sjálfum. Það krefst pólitískrar stjórnunar og stöðugra samskipta yfirvalda. Það krefst einnig þátttöku annarra aðila eins og kveðið er á um í meginreglum Árósasamningsins.

Norrænu ríkin bera meginábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Fjármögnun hennar er fyrst og fremst í höndum yfirvalda ríkjanna enda bera þau ábyrgð á að henni sé framfylgt. Norræna ráðherranefndin fjármagnar aðgerðir sem liggja fyrir utan ábyrgðarsvið einstakra ríkja. Norræna ráðherranefndin ber einnig ábyrgð á upplýsingum, skýrslugerð, mati og endurskoðun á áætluninni.

Forsætisráðherrar, samstarfsráðherrar og fagraráðherrar á hverju samstarfssviði sjá um framkvæmd áætlunarinnar innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfsráðherrarnir bera meginábyrgð á því að Norræna ráðherranefndin framkvæmi áætlunina.

Ráðherranefndir á einstaka samstarfssviðum bera meginábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni hennar á þeirra sviði og felist það í að samþætta sjálfbæra þróun í almennri starfsemi þeirra. Ýmis starfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar aðlaga framkvæmda- og starfsáætlanir sínar að áætlun um sjálfbæra þróun.

Áætlunin verður endurskoðuð árið 2008 og verður þá lögð fyrir forsætisráðherrana, leiðtoga sjálfstjórnarsvæðanna og samstarfsráðherrana. Áður en endurskoðun áætlunarinnar hefst þarf að meta árangur og reynslu af öðru tímabili hennar.

Drög að áætluninni hafa verið send til umsagnar hjá frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndum. Við framkvæmd hennar, eftirfylgni og endurskoðun felst viss ögrun í taka tillit til sjónarmiða sem fleiri frjáls félagasamtök hafa bent á sem mikilvæg fyrir sjálfbæra þróun.

Sem lið í áætluninni hafa Norðurlöndin þróað vísbenda, sem eiga að sýna hvernig markmiðum hennar verður náð í verki og hvernig þróunin verður metin út frá mikilvægum breytum í sjálfbærri þróun. Þessir vísbendar eru í stöðugri þróun svo þeir séu í samræmi við sett markmið og verkefni.

Norrænu ríkin sjálf og Norræna ráðherranefndin munu kynna áætlunina innan ríkjanna og á alþjóðavettvangi. Mikilvægt er að upplýsa viðeigandi aðila um markmið og verkefni áætlunarinnar og aðgerðir sem gripið verður til í því sambandi. Á vef ráðherranefndarinnar www.norden.org verða stöðugt uppfærðar upplýsingar um áætlunina.

Áætlunin nær til norrænu ríkjanna og þeirra þátta í samskiptum þeirra við grannsvæðin sem snerta sjálfbæra þróun. Norðurlönd munu framkvæma viðeigandi hluta áætlunarinnar innan ramma svæðisbundins og alþjóðlegs samstarfs.

Áætlunin gengur í gildi þann 1. janúar 2005.